

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 188,50 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júní 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 437, 23. september 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 25. maí 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

I. KAFLI

1. gr.

Fyrir táknmálsnámskeið með inniföldu námsefni skal innheimta kr. 6.000 og er þá miðað við 18 stunda námskeið. Fyrir námskeið af annarri lengd skal greiða hlutfallslega miðað við stundafjölda. Forráðamenn heyrnarlausra barna skulu þó ekki greiða námskeiðsgjöld.

2. gr.

Fyrir ráðgjöf og túlkun skal innheimta kr. 2.100 á klst. Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra getur þó veitt undanþágu vegna túlkunar fyrir heyrnarlausa í einkaerindum.

3. gr.

Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra ákveði verð myndbanda og námsefnis hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi skal hækka til samræmis við taxtaskrá BHMR 505.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. maí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Sólrún Jensdóttir.